

Fundur haldinn á skrifstofu Ásahrepps föstudaginn 12. Júní 2020, klukkan 10:15

Mætt: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og Kristín Ósk Ómarsdóttir, formaður kjörnefndar Ásahrepps. Kristín Ósk ritar fundargerð

1. Rætt um framlagningu kjörskrár vegna forsetakosninga 27. Júní næstkomandi og auglýsingu þar að lútandi. Einnig um tímasetningu kjörfundar og auglýsingu um kjörfund. Valtýr tekur að sér að senda auglýsinguna til Búkollu til birtingar
2. Rætt um kjörskrárstofn og meðferð sveitarfélagsins á kjörskrárstofni. Sveitarstjórn mun fjalla um kjörskrá á fundi næstkomandi mánudag, 15. júní.
3. Rætt um ýmis atriði er varða framkvæmd kosninga, aðgengi að félagsheimilinu Ásgarði og kaup á aðföngum fyrir kjördag. Áætlað er kjörnefnd fundi fimmtudaginn 18. Júní í Ásgarði.
4. Ákveðið að halda fund með sveitarstjóra og kjörnefnd þegar formaður kjörnefndar hefur setið fund með yfirkjörstjórn Suðurlands en sá fundur er áætlaður 23. Júní næstkomandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið 10:45

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Valtýr Valtýsson